



Dalabyggð

Skýrsla sveitarstjóra, kynnt á
sveitastjórnarfundum nr. 252
dags: 17. desember 2024

-
- Íbúafjöldi í Dalabyggð er nú 663 íbúar samkvæmt Íbúasýn mv. 2. desember sl. og hefur fækkað um 5 frá því í byrjun október.
 - Framkvæmdir við uppbyggingu íþróttamannvirkja hafa gengið vel og er verkið á áætlun. Gert verður 2 vikna hlé yfir jól og áramót en svo verður haldið áfram og vonandi að veður setji ekki strik í reikninginn í janúar og febrúar, til þessa hefur allt gengið sem skildi.



-
- Opnað hefur nú verið fyrir umsóknir í frumkvæðissjóð DalaAuðs og er umsóknarfrestur til kl. 12:00 þann 20. janúar n.k. Vil ég hvetja kröftuga Dalamenn nú sem fyrr til að sækja um í sjóðinn. Nánari upplýsingar má nálgast hér: <https://dalir.is/frettir/opid-er-fyrir-umsoknir-i-frumkvaedissjod-dalaauds/>
 - Varðandi DalaAuð og verkefnið Brothættar byggðir þá hefur undirByggðastofnunar með ósk um framhald á samstarfi í anda verkefnisins eftir ritaður sent erindi til á núverandi samningur rennur sitt skeið í enda árs 2025. Erindinu hefur verið svarað á þann hátt að samþykkt er að taka samtali um stöðu málsins á vormánuðum 2025.





- Opnað hefur nú verið fyrir umsóknir í menningarmálaverkefnasjóð Dalabyggðar og er umsóknarfrestur til og með 10. janúar n.k. Nánari upplýsingar má nálgast hér: <https://dalir.is/frettir/opid-fyrir-umsoknir-i-menningarmalaverkefnasjod-dalabyggdar-3/>

Menningarmálaverkefnasjóður Dalabyggðar



Hlutverk sjóðsins er að styðja við menningarmál í Dalabyggð.

Umsækjendur geta verið einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir með lögheimili í Dalabyggð.

Umsóknarfrestur er til og með 10. janúar 2025.

Umsóknum skal skila á dalir@dalir.is eða skrifstofu Dalabyggðar að Miðbraut 11, 370 Búðardal.

Úthlutunarreglur og umsóknareyðublað má nálgast á heimasíðu Dalabyggðar: www.dalir.is

Menningarmálanefnd Dalabyggðar auglýsir eftir umsóknum í menningarmálaverkefnasjóð.

Til úthlutunar 2025 verða
1.000.000 kr.-






- Eins og kunnugt er fengum við í Dalabyggð styrk úr C1 sjóði Byggðastofnunar til að undirbúa uppbyggingu atvinnuhúsnæðis. Verkefnið hefur til þessa gengið vel, áhugasamir aðilar komið að verkefninu í samstarfi við sveitarfélagið og almennur velvilji. Nú hafa þau ánægjulegu tíðindi gerst, líkt og fram kom hér fyrr á fundi sveitarstjórnar í dag, að Byggðastofnun er til í að koma að verkefninu í mun stærri skala en reiknað hafði verið með og fyrir þann mikla velvilja ber að þakka og nú er ekkert annað en að setja á fullt við frekari undirbúning og svo framkvæmdir á árinu 2025 ef allt gengur eftir.

-
- Fyrir stuttu var auglýst nýtt starf hér í Dalabyggð sem er samstarfsverkefni okkar og Heilbrigðisstofnunar Vesturlands þar sem helstu verkefni eru sjúkraflutningar á dagvinnutíma og almenn umhirða og viðhald húsnæðis í eigu Dalabyggðar og HVE sem tilgreind voru í auglýsingu. Umsóknarfrestur var til 16. desember sl. og verður spennandi að sjá hvernig mál þróast í þessu efni.



ingamaður og alm. star
labbyggðar

- Fjallað var um hér fyrir á fundinum óformlegt samtal okkar í Dalabyggð við sveitarstjórn Húnaþings vestra um að skoða kosti þess og galla við að sameina þessi tvö landstóru sveitarfélög sitt hvoru megin við Laxárdalsheiði. Það verður að mínu mati áhugavert að taka það samtal lengra og greina málin þannig að hægt verði á komandi vormánuðum að bera málin undir íbúa beggja sveitarfélaganna og fá þannig upp á borð hvort flötur sé á að taka málin upp á formlegt viðræðuferli. Það allt mun skýrast á komandi mánuðum.



-
- Undirritaður sat í síðustu viku ásamt formanni atvinnumálanefndar og verkefnastjóra fund þar sem fulltrúar frá Alor kynntu fyrir okkur þá möguleika sem í því felast að nýta birtu-/sólarkorku á svæðum eins og við búum á í Dölum. Þetta er afar áhugavert og verður spennandi að fá frekari upplýsingar um hvaða hagræði og þ.h. getur falist í þeim tæknilausnum sem um ræðir.
 - Brunavarnir og samstarf okkar við Reykhóla og Strandir er til skoðunar eins og kunnugt er. Það er mikilvægt að vel takist til því mikilvægt er hverju sveitarfélagi að hafa yfir að ráða öflugum slökkviliði eins og við í Dalabyggð búum yfir þar sem forvörnum sé sinnt af kostgæfni sem og aðbúnaði slökkviliðsmanna á allan hátt, þ.m.t. æfingum og þ.h.



-
- Stofnfundur hollvinafélags Dagverðarneskirkju var haldinn í gær, mánudaginn 16. desember 2024. Kynnt voru áform sóknarnefndar um endurbætur á Dagverðarneskirkju, Dagverðarnesi á Fellsströnd. Um er að ræða afar spennandi verkefni og ánægjulegt að skynja þann mikla hug sem er að baki hugmyndum um uppbyggingu og endurbætur á svæðinu.



-
- Sveitarfélagið mun á nýju ári færa umsókn um frístundastyrk inn í kerfi SportAblar sbr. frétt á heimasíðu þar um. Þannig mun birtast valmöguleiki fyrir foreldri til að nýta styrkinn þegar barn er skráð á námskeið hjá félögum sem starfa í Dalabyggð eða á tímabundin námskeið sem boðið er upp á í sveitarfélaginu og leyfi hefur fengist fyrir að nýta styrkinn til. Jafnframt var hér fyrr á fundi sveitarstjórnar samþykktar uppfærðar reglur um frístundastyrk í Dalabyggð og vil ég leifa mér að fagna því og þakka fræðslunefnd fyrir þá vinnu sem þar er að baki.



fyrir börn og ung

-
- Það er alltaf stór áfangi þegar fjárhagsáætlun fyrir komandi ár er lokið eins og við gerðum hér fyrr á fundinum. Ég vil hér ítreka þakkir mínar til samstarfsfólks, bæði hér á skrifstofu Dalabyggðar, deildarstjórum og eins kjörnum fulltrúum í sveitarstjórn og nefndum fyrir allt það góða framlag sem lagt hefur verið af mörkum í þessari vinnu undanfarnar vikur. Dalabyggð er sjálfbær hvað rekstur varðar og mikilvægt að halda vel á málum svo að það verði áfram. Þar skiptir miklu máli sú sterka kostnaðarvitund sem er að mínu mati innbyggð í okkar mannauði og er það ekki sjálfgefið.



-
- Jólaföndur er þema jólasýninga Byggðasafns Dalamanna, Héraðsbókasafns Dalasýslu og Héraðsskjalasafns Dalasýslu jólin 2024. Er þetta sýning sem byggir á framlagi heimamanna og verður hægt að bæta við sýninguna alveg fram til jóla. Líkt og segir á heimasíðu Dalabyggðar þá geta áhugasamir fönðrarar dundað við iðju sína á bókasafninu og fengið ómælda hvatningu hjá bókaverði. Þar sé að finna áður nýttan pappír sem búið er að safna allt árið til verkefnisins. Einnig er hægt að fönðra heima og koma með afraksturinn á sýninguna. Þetta er skemmtilegt verkefni sem ég mæli með að fólk gefi sér tíma til að skoða og jafnvel taka þátt í fönðri.



-
- Opnunartími skrifstofu breytist f.o.m. 1. janúar 2025 þannig að opnun stýttist um eina klukkustund í upphafi og lok hverrar viku. Opnum kl. 10:00 á mánudagsmorgnum og lokum kl. 12:00 á föstudögum, að öðru leiti verður opnunartími sá sami eða á milli kl. 9:00 og 13:00 alla aðra virka daga.





Í tengslum við kosningar til Alþingis sem fram fóru þann 30. nóvember sl. var bryddað upp á skemmtilegri kosningu hér í Dalabyggð þar sem öllum þeim sem mættu á kjörstað, óháð aldri, var boðið upp á að kjósa um jólavætt Dalamanna 2024. Framkvæmd kosninganna var fremur frjálstleg. Eftir að kom í ljós að kjörstjórn, Jólakötturinn, Grýla og Leppalúði, töldu bara atkvæði greidd þeim var kjörstjórn sett af. Hluti kjörstjórnar Dalabyggðar, héraðsskjalavörður og safnvörður tóku að sér talningar. Skemmtast er frá að segja að Kertasníkir sigraði með 18 atkvæðum í baráttunni um jólavætt Dalamanna 2024.

Jólakötturinn fylgdi þar fast á eftir með 16 atkvæði, Faldafeykir með 14 atkvæði, Stúfur með 12 atkvæði og Rjómasleikir með 11 atkvæði. Í boði voru 81 jólavættir og af þeim fengu 18 engin atkvæði. Reiknað er með að velja jólavætt Dalamanna aftur að ári.

-
- Að lokum langar mig til að þakka aðstandendum jólatónleikanna „Er líða fer að jólum“ fyrir aldeilis magnaða tónleika í Dalabúð laugardaginn 30. nóvember sl. Þessir tónleikar voru nú haldnir í þriðja sinnið og verða þeir bara betri og betri eftir því sem þeim fjölgar. Ég vona svo sannarlega að framhald verði á, kærar þakkir allir sem að framkvæmd komu.





- Hér sem fyrr í minnisblöðum sveitarstjóra er einungis stiklað á stóru því margt af því sem fram fer á skrifstofu sveitarstjóra og annarra starfsmanna Dalabyggðar ratar ekki í dagbók undirritaðs eða er þess eðlis að ekki er eðlilegt að nefna í opinberu minnisblaði. Verkefnin eru ýmiskonar en öll hafa þau það að markmiði að gera gott samfélag betra á einn eða annan hátt.

- BBÞ – 17/12/2024